

Því dæmist rétt vera:

Málskotinu á hendur Guðmundi Jónassyni, Kristjáni Jónassyni og Bjarna Valdasyni visast frá yfirdóminum. Um stefnda, Einar M. Jónasson, skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjendum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans, 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 9/1915.

Réttvisin
 gegn
 Gunnari Sigurðssyni
 og
 Þórði Kolbeinssyni

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 31. des. f. á., er ákærði, Gunnar Sigurðsson, dæmdur samkvæmt 266. grein, sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga í 2ja ára betr-

unarhúsvinnu fyrir eftirmyndun peningaseðla, og ákærði, Þórður Kolbeinsson, samkvæmt 269. gr. í 20 daga einfalt fangelsi fyrir útgáfu eftirmyndaðra peningaseðla. Svo skyldu hinir ákærðu greiða allan sakarkostnað, Gunnar einn varðhaldskostnaðinn og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, Magnúsar umboðsmanns Blöndal 8 kr. og $\frac{4}{5}$ annars málskostnaðar, en Þórður skyldi greiða varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar prófasts Gunnarssonar, 8 kr., og $\frac{1}{5}$ annars málskostnaðar, in solidum með Gunnari. Loks skyldu hinir ákærðu greiða skaðabætur fyrir hinar útgefnu seðlaeftirmyndir, Gunnar dánarbúi Guðjóns Brynjólfssonar á Hólmavík 100 kr., Guðjóni kaupfélagsstjóra Guðlaugssyni s. st. 100 kr., Brauns verzlun á Ísafirði 100 kr. Magnúsi kaupmanni Magnússyni s. st. 10 kr., Sveini kaupmanni Sigurðssyni á Flateyri 10 kr., Jens kaupmanni Eyjólfssyni sama stað 100 kr., Steini G. Ólafssyni bakara á Þingeyri 100 kr., verzlun Hannesar B. Stephensen & Co. á Bildudal 100 kr., Guðmundi kaupmanni Sigurðssyni s. st. 10 kr., Ólafi kaupmanni Jóhannessyni á Patreksfirði 100 kr. og M. Hansen skipstjóra á gufuskipinu »Flóra« 40 kr. eða samtals 770 kr., en 10 kr. skyldu þeir Gunnar og Þórður, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, greiða Jóni A. Ólafssyni bókh. á Patreksfirði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms, að ósk beggja hinna ákærðu.

Ákærði Gunnar Sigurðsson er dæmdur sekur um hlutdeild í eftirmyndun peningaseðla þjóðbankans danska, er Jón nokkur Pálmi Jónsson, ljós-

myndasmiður á Sauðárkrók var dæmdur fyrir með auka-
réttardómi Skagafjarðarsýslu 21. janúar þ. á. til 2¹/₂-
árs betrunarhúsvinnu. Þeir ákærði og Jón Pálmi
eru einir til frásagnar um eftirmyndunina, og segist
að nokkru leyti sinn veg frá hvorum, enda hafa
þeir eigi verið samprófadir.

Framburður Gunnars um eftirmyndunina og af-
stöðu hans til Jóns Pálma um hana er á þessa leið:
Á jólaföstunni 1913 höfðu þeir Gunnar og Jón Pálmi
átt tal um það á myndastofu síðarnefnds, hvort hægt
mundi vera að ljósmynda peningaseðla, og hafi Jón
Pálmi þá tekið myndaplötu af framhlið dansks 10
kr. þjóðbankaseðils frá 1911, að Gunnari ásjáandi.
Skömmu síðar hafi Jón Pálmi sýnt Gunnari eftir-
mynd á blaði af nefndri plötu og enn nokkru síðar
2-3 ljósmyndaðar framhliðar af 10 kr. þjóðbanka-
seðli. Um þetta leyti eða upp úr þessu hafi þeim
Gunnari og Jóni Pálma komið saman um að halda
uppteknum eftirmyndunartilraunum áfram, enda hafi
Jón Pálmi í febrúarmánuði f. á. sýnt Gunnari nokkr-
ar fullgjörðar eftirmyndir af 10 kr. þjóðbankaseðl-
um frá 1911, þannig gjörðar, að ljósmyndir af fram-
og afturhlið réttis seðils höfðu verið limdar saman á
bökunum. Hafi Jón Pálmi jafnframt að fyrra bragði
leitað fulltingis Gunnars til þess að koma eftirmynd-
unum út sem peningaseðlum, og Gunnar gert kost á
því. Þá hafi Jón Pálmi um mánaðamótin maí—júni
sýnt Gunnari fullgerða eftirmynd af dönskum 100
kr. þjóðbankaseði frá 1910 og enn hafi Jón Pálmi
sýnt Gunnari um haustið á myndastofu sinni nokkr-
ar fullgerðar eftirmyndanir af 100 kr. seðli, og hafi

Þeir þá jafnframt fullráðið með sér að gefa eftirmyndirnar út. Hafi þeim komið saman um, að of áhættumikið væri að gefa eftirmyndirnar út í Skagafirði, og því fastráðið í lok októbermánaðar að Gunnar skyldi takast ferð á hendur vestur um land til Reykjavíkur með gufuskipinu »Flóra«, sem þá var væntanlegt til Sauðárkróks. Hafi Jón Pálmi svo afhent Gunnari 1. nóv. f. á. allmikið af eftirmyndum þjóðbankaseðlum, er hvorugur taldi, en ætla má að verið hafi 16 hundraðkróna og 14 tiukróna seðlar, og hafi áður samist svo um milli Gunnars og Jóns Pálma, að hver skyldi njóta helmings af væntanlegum ávinningi af útgáfu eftirmyndanna, en ferðakostnaður Gunnars og eftirmyndunarkostnaður Jóns Pálma hafi átt að mætast.

Jón Pálmi hefir kannast við að hafa eftirmynd að danska 10- og 100 kr. þjóðbankaseðla svo sem að framan segir, en hann hefir jafnframt haldið því fram, að Gunnar hafi verið hvatamaður þess, að hann gerði það í útgáfuskyni, enda hafi Gunnar lán að sér fyrirmynd bæði að eftirmyndum af 10 kr. og 100 kr. seðlunum, og jafnvel látið sér í té lítillhátta verklega aðstoð við sjálfa eftirmyndunina, en Gunnar hefir stöðugt og eindregið neitað framburði Jóns Pálma að þessu leyti.

Hvað sem ágreiningsatriðum þessum líður, þá má telja sannað að þeir Gunnar og Jón Pálmi hafi, þá er það kom í ljós, að hægt var að ljósmynda peningaseðil, eða um það leyti, orðið ásáttir um að reyna hvort hægt væri að eftirmynda peningaseðla með því móti og síðan nokkru síðar, líklega í febr.

mán. f. á., þá er Jón Pálmi hafði fullgjört nokkrar eftirmyndir af 10 kr. seðli, en áður en hann hafði gert nokkra tilraun til að eftirmynda 100 kr. seðil, ennfremur orðið sammála um að gefa eftirmyndirnar út sem peningaseðla, báðum til ávinnings. Auk þess er það sannað, með samhljóða framburði Gunnars og Jóns Pálma, að Gunnar hafi seinni part sumars, og þannig, áður en 100 kr. seðlagerð Jóns Pálma var lokið, fengið eina eftirmynd af 100 kr. seðli hjá Jóni Pálma, og tjáist Gunnar hafa borið hana nokkra hrið samanbrotna í buddu sinni, til þess að ganga úr skugga um það, hvort hún mundi brotna. Af þessu þykir bert, að Gunnar hefir í öllu falli hjálpað til að framkvæma eftirmyndun peningaseðla í útgáfuskyni, og skifta áðurgreind ágreiningsatriði þá ekki raunverulega máli.

Gunnar lagði af stað frá Saudárkrók með »Flóru« 2. nóv. f. á. og var meðal annara farþega á skipinu Þórður nokkur Kolbeinsson á heimleið suður á Akranes úr sumardvöl í Skagafirði, og hafði Þórður gist hjá Gunnari, meðan hann beið skips á Saudárkrók, enda tókst brátt kunningsskapur með honum og Gunnari. Gunnar tók, þegar er á skipsfjöl kom, að gefa út eftirmyndaða 10 kr. seðla og lét þar alls út 4 aðallega fyrir áfengi, er hann neytti með Þórði og fleirum. Ennfremur gaf Gunnar sjálfur út á ýmsum viðkomustöðum skipsins 6 eftirmyndaða 100 kr. seðla og 3 eftirmyndaða 10 kr. seðla og lét Þórð gefa út 1 eftirmynd af 100 kr. seðli, sem Þórður vissi þá eigi rétt deili á, og loks reyndi Gunnar að gefa út eina eftir-

mynd af 100 kr. seðli í Stykkishólmi, en lánaðist það ekki.

Ákærði, Þórður Kolbeinsson, lét, eins og þegar hefir verið dregið á, út eftirmynd af 100 kr. seðli á Ísafirði að undirlagi Gunnars, en vissi þó hvorki né grunaði, að seðillinn var eftirmyndaður, eða að Gunnar hefði eftirmyndaða seðla í fórum sínum. Það sagði Gunnar Þórði þá fyrst, er Þórður hafði gefið nefnda eftirmynd út, og það Þórð þá jafnframt að fara aftur til sama lands og býtta aftur samskonar seðli, enda tók Þórður við eftirmynd af 100 kr. seðli, en gaf hana þó ekki út, heldur skilaði Gunnari henni aftur. Aftur á móti lét Þórður út eftirmynd af 10 kr. seðli fyrir Gunnar á Patreksfirði, vísvitandi þess, að seðillinn var eftirmyndaður og reyndi enn fremur að láta út eftirmyndaðan 100 kr. seðil í Stykkishólmi, en það lánaðist ekki. Þá lánaði Þórður Gunnari vasabók sína, eftir að Gunnar hafði sagt honum frá eftirmynduðu seðlunum, til þess að geyma eftirmyndirnar í og neytti auk þess ýmsra góðgerða, sérstaklega áfengis, er fengnar höfðu verið, sumar hverjar með hans vitund fyrir seðlaeftirmyndir eða peninga, sem komið höfðu fyrir þær, meðal annars áfengis á Patreksfjarðarhöfn fyrir 9 kr. afgang af eftirmynduðum 10 kr. seðli, útgefnum þar í landi. Enn var Þórður sumstadar viðstaddur útgáfu Gunnars á eftirmyndum og bar á sér oftár en einu sinni hina eftirmynduðu seðla, eftir að Gunnar hafði sagt honum sönn deili á þeim. Þórður hefir borið það, að Gunnar hafi sagt sér, að hann (Gunnar) ætlaði að gefa út mikið af fölskum seðlum af ýmsri gerð.

Þegar hann kæmi heim aftur, og gæti verið að hann tæki sér ferð á hendur með þá til Noregs eða Svíþjóðar, enda hafi Gunnar þá um leið talað um að senda sér eitthvað af slíkum seðlum og Þórður þó ekki falast eftir þeim. Gunnar hefir ekki neitað því, að þannig lagað samtal kunnir að hafa átt sér stað. Mætti þess vegna ætla, bæði af því og öðrum atvikum, meðal annars af eftirmyndafjölda þeim, sem Þórður vissi, að Gunnar hafði með sér, að Þórður hefði að minsta kosti rent grun í, að Gunnar mundi eitthvað riðinn við sjálfa eftirmyndunina, en þar sem Þórður hefir einungis verið sakaður um útgáfu eftirmyndaðra peningaseðla, þá kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til mála að gera honum ábyrgð fyrir aunað.

Auk eftirmynda þeirra, sem þeir Gunnar og Þórður kannast við að hafa gefið út á »Flóru« og ýmsum viðkomustöðum hennar vestur um land, alls 7 eftirmyndaða 100 krónuseðla og 7 tíukrónaseðla, kom fyrir eftirmynd af 10 kr. ljósmynduðum Þjóðbankaseðli dönskum á Ísafirði, meðan »Flóra« stóð þar við, og má ætla að sú eftirmynd hafi einnig stafað frá Gunnari, enda þótt ekki hafi vitnast hversu hún komst á gang. Þá ónýttist og á ferðinni 1 eftirmynd af 10 krónaseðli og 1 af 100 krónaseðli. Og loks voru teknar af Gunnari í Stykkishólmi 8 eftirmyndir af 100 krónaseðli og 5 eftirmyndir af 10 krónaseðli. Hefir Gunnar eins og þegar er vikið að, eftir því haft meðferðis 16 eftirmyndaða 100 krónuseðla og 14 eftirmyndaða 10 krónuseðla.

Það var alstaðar tekið viðstöðulaust við hinum

framboðnu eftirmyndum nema í Stykkishólmi, enda hafði sýslumaður aðvarað kaupmenn þar, áður en »Flóra« kom þangað. Eftirmyndirnar virðast og, þótt misvel séu gerðar, hafa verið til þess fallnar að blekkja grunlausa menn í vanalegum viðskiftum, enda eru danskir þjóðbankaseðlar, einkum 100 krónuseðlar ekki algengur gjaldmiðill meðal manna, sízt út um land.

Báðir hinir ákærðu hafa náð lögaldri sakamanna og hvorugur áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt afbrot, að því sleptu að Gunnar Sigurðsson hefir tvivegis verið sektaður fyrir ólöglegar vinveitingar.

Héraðsdómarinn hefir með réttu talið ákærða Gunnar Sigurðsson brotlegan gegn 266. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og Þórð brotlegan gegn 269. gr. Þykir refsing Gunnars með skirskotun til 1. málsgr. 48. gr. hegnl. og með hliðsjón af varðhaldsvist hans og fram undir $1\frac{1}{2}$ árs nauðungarvist utanhéradis hans hæfilega metin 2ja ára betrunarhúsvinna, eins og héraðsdómurinn hefir ákveðið hana. Þórði þykir hæfilega refsað með 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem ístöðuleysi virðist hafa ráðið meiru um brot Þórðar, heldur en glæpsamlegur vilji og þar sem hann virðist hafa játað sök sína svo sem hann skildi hana, hreinskilnislega og greiðlega, enda ekki kunnugt annað, en að hann hafi hagað sér sæmilega áður, þá þykir mega ákveða samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, nr. 39, að fresta skuli að fullnægja refsingu hans og að honum gerð refsing skuli falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef fullnægt verður lögmaeltum skilyrðum, enda

bæti hann fjártjón það er af broti hans hefir leitt og honum gert að endurgreiða með dómi þessum áður en dómsfullnægjufrestur er liðinn.

Um greiðslu iðgjalda og málskostnaðar í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Málsvarn- arlaun í yfirdómi greiði hvor hinna ákærðu sínum verjanda, en annan málskostnað, þar með talin mál- sóknarlaun sækjanda, greiði Gunnar $\frac{4}{5}$ hlutum og $\frac{1}{5}$ hlut in solidum með Þórði.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus. Þó athugast, að sækja hefði átt sök á hendur Gunnari Sigurðssyni og Jóni Pálma Jónssyni í einu lagi. Sókn og vörn í yfirdómi hefir verið lögnaet.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gunnar Sigurðsson sæti 2ja ára betrunarhússvinnu, og ákærði Þórður Kolbeinsson 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En refsingu Þórðar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skil- yrðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907 verður full- nægt og hann bætir fjártjón það, sem honum er gert að bæta með dómi þessum, áður en dóms- fullnægjufrestur er liðinn.

Um málskostnað og greiðslu iðgjalda skal aukaréttardóminum óraskað.

Af málskostnaði í yfirdómi greiði ákærði

Gunnar Sigurðsson, skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen, 15 kr. málsvarnarlaun, og ákærði Þórður Kolbeinsson skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjelsted 15 kr. málsvarnarlaun. Annan málskostnað, þar með talinn 25 kr. málssóknarlaun sækjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar greiði Gunnar Sigurðsson að $\frac{4}{5}$ hlutum og $\frac{1}{5}$ hluta in solidum með Þórði Kolbeinssyni.

Dæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 10/1915.

Réttvisin

gegn

Jóni Pálma Jónssyni

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. jan. þ. á. var ákærði, Jón Pálmi Jónsson, ljósmyndasmiður á Sauðárkrók, dæmdur samkvæmt 266. gr. almennra hegningarlaga í $2\frac{1}{2}$ árs betrunar-